

# Úrskurður

Agamál nr. 19/2017-2018

<b>Viðburður:</b>	Leikur Gnúpverja og Skallagríms í 1. deild karla mfl. kk. sem leikinn var þann 2. nóvember 2017
<b>Kæra:</b>	Kærð er framkvæmd leiks
<b>Kærði:</b>	Gnúpverjar
<b>Kærandi/ur:</b>	Friðrik Árnason og Guðmundur R. Björnsson, dómara leiksins

## Málavextir

Í kæru dómara kom fram að áhorfandi hafi stigið inn á völl til að mótmæla dómi. Óskaði dómari í kjölfarið eftir því við heimalið að viðkomandi yfirgæfi leikvöllinn sem og var gert. Tekið var fram að aðstaða fyrir áhorfendur var aðeins í meters fjarlægð frá hliðarlínu og því ekki auðvelt að aðskilja þá frá velli. Einnig voru gerðar athugasemdir við umgjörð leiks, ekki voru til staðar leikstefnuör og bónuskeilur ásamt því að aldur og reynsla starfsmanna var ekki talið til fyrirmyndar.

Í andsvörðum kærða fylgdi myndband af framangreindu atviki. Hið kærða félag taldi að sjá mætti af því að viðkomandi áhorfandi fór ekki inn á völlinn þó að hann hafi staðið upp. Auk þess að vísa viðkomandi út úr húsinu var honum veitt tiltal af hálfu forsvarsmanna félagsins í kjölfar leiksins og honum gert ljóst að slík framkomu væri ekki ásættanleg á leikjum félagsins í framtíðinni. Hið kærða félag benti síðan á að fjarlægð milli vallar og áhorfanda væri þrjú metrar og að auðvelt væri að taka innkast við hliðarlínuna fyrir leikmenn sem bendir til þess að það sé nóg pláss milli hliðarlínu og áhorfenda. Í þriðja var bent á að ritari skýrslu væri 26 ára gamall einstaklingur með mikla reynslu ásamt því að aðstoðarmenn hans hefðu einnig töluverða reynslu. Félagið áréttaði að lokum að í framtíðinni yrði passað upp á að hafa leikstefnuör og bónuskeilur ávallt við ritaraborðið.

Aga- og úrskurðarnefnd óskaði eftir athugasemdum dómara við greinargerð hins kærða félags. Í svörum kom fram sú ósk að athugasemdir við umgjörð leiks yrðu ekki teknir sem liður í kæru. Varðandi atvikið sjálft kom það fram að dómari hefði misminnt staðsetningu sína og viðurkennt var að áhorfandi hefði ekki stigið inn á völlinn, en tekið fram að myndbandið sýni glögglega að áhorfandi kom freklega inn á vinnusvæði dómara þegar hann beið eftir að fá bolta til að framkvæma innkast.

## Rökstuðningur

Skv. 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót bera félög ábyrgð á því að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Í því felst m.a. að tryggja öryggi dómara sem og aðskilnað áhorfanda frá starfsmönnum leiksins. Það er mat aga- og úrskurðarnefndar að aðskilnaður áhorfenda frá framkvæmd leiksins hafi verið ófullnægjandi. Sömuleiðis virðist sem engin sýnileg gæsla hafi verið á leiknum. Eins og atvikum er háttað í máli þessu liggur því fyrir að hið kærða félag hefur ekki sinnt skyldum sínum.

Með vísan í 12. gr. reglna um aga- og úrskurðarnefnd og eldri fordæmi telur nefndin rétt að hið kærða félag hljóti áminningu. Einnig telur nefndin rétt að hið kærða félag greiði sekt að fjárhæð kr. 20.000 til KKÍ. Jafnframt krefst aga- og úrskurðarnefnd þess að hið kærða félag geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja betur öryggi dómara og annarra aðila sem koma að framkvæmd leikja.

Það er tekið fram að kæra sú sem lögð var fram í málinu var stutturð og illa úr garði gerð. Á síðari stigum málsins drógu kærendur verulega úr kæru sinni ásamt því að breyta lýsingu á málsatvikum. Þessi vinnubrögð eru aðfinnsluverð og ámælisverð.

### **Úrskurðarorð.**

Hið kærða félag, Gnúpverjar, sætir áminningu og greiði sekt til KKÍ að fjárhæð kr. 20.000.

Hið kærða félag er gert skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja betur öryggi aðila sem koma að framkvæmd leikja.

Reykjavík 14. nóvember 2017

**Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður**  
**Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður**  
**Birkir Guðmundarson**